

Stefndu, Ferðamálasjóður og Búnaðarbanki Íslands, mótmæltu þá frekari fresti og kröfðust þess, að málið yrði fellt niður eða því frávísað og loks málskostnaðar sér til handa.

Upplýst er í málinu að áfrýjandi bað um dómsgerðir með bréfi dagsettu 10. febrúar 1987. Þær voru ekki tilbúnar til afgreiðslu fyrr en í september s.á. Með þetta í huga þykir eftir atvikum rétt að veita áfrýjanda frest til 2. nóvember 1987. Málskostnaðarkrafa stefndu er ekki tekin til greina.

### Á l y k t a r o r ð:

Málinu er frestað til 2. nóvember 1987.

Málskostnaðarkrafa stefndu er ekki tekin til greina.

---

Fimmtudaginn 15. október 1987.

Nr. 177/1987. **Ákærvaldið**

(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)

gegn

**Magnúsi Sigurjónssyni**

(Örn Clausen hrl.)

Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum. Ítrekun.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Hrafn Bragason og Þór Vilhjálmsson.

Máli þessu var að ósk ákærða skotið til Hæstaréttar með stefnu 10. desember 1986 og einnig af ákærvalds hálfu til þyngingar refsingar og staðfestingar á ökuleyfisviptingu.

Staðfesta ber sakarmat héraðsdóms. Varðar brot ákærða við 2. mgr. sbr. 3. mgr. 25. gr. og 1. mgr. 27. gr. sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. lög nr. 54/1976. Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin fangelsi í tvo mánuði.

Ákærði hafði verið sviptur ökuleyfi ævilangt er hann framdi brot sitt. Ber því skv. 81. gr. umferðarlaga að áréttu að ævilöng ökuleyfissvipting hans haldist.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um greiðslu sakarkostnaðar og dæma ákærða til að greiða áfrýjunarkostnað sakarinnar eins og í dómsorði segir.

#### D ó m s o r ð:

Ákærði, Magnús Sigurjónsson, sæti fangelsi í tvo mánuði.

Ákærði skal vera sviptur ökuleyfi sínu ævilangt.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað á að vera óraskað.

Ákærði greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð 20.000,00 krónur og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Arnar Clausen hæstaréttarlögmanns, 20.000,00 krónur.

#### Dómur sakadóms Reykjavíkur 20. nóvember 1986.

Ár 1986, fimmtudaginn 20. nóvember, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Agústi Jónssyni aðalfulltrúa, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 601/1986: Ákærvaldið gegn Magnúsi Sigurjónssyni, sem tekið var til dóms sama dag.

Mál þetta höfðaði ríkissaksóknari með ákæruskjali, dagsettu 10. nóvember 1986, gegn ákærða, Magnúsi Sigurjónssyni, Sólheimum 25, Reykjavík, fæddum þar í borg 21. nóvember 1962, „fyrir að aka fimmtudaginn 4. september 1986 undir áhrifum áfengis og sviptur ökuréttindum ævilangt bifreiðinni R-13750 frá Þórufelli 2, Reykjavík, áleiðis heim til sín, þar til lögreglan stöðvaði akstur hans við Sólheima 23.

Telst þetta varða við 2. mgr., sbr. 3. mgr. 25. gr., 1. mgr. 27. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40, 1968, sbr. lög nr. 54, 1976.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar, til ökuleyfissviptingar eða til sviptingar réttar til að öðlast ökuleyfi samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Málavextir eru sem hér segir samkvæmt játningu ákærða og öðrum gögnum málsins:

Skömmu fyrir miðnætti fimmtudaginn 4. september sl. stöðvuðu lögreglumenn akstur bifreiðarinnar R-13750 við Sólheima 23 í Reykjavík. Ökumaður bifreiðarinnar reyndist vera ákærði í máli þessu og að mati lögreglumannanna var hann áberandi ölvaður.

Ákærði hefur skýrt svo frá hjá lögreglu og fyrir dómi að hann hafi verið búinn að neyta töluverðs magns af áfengi áður en hann ók af stað frá Þórufelli 2 og áleiðis að Sólheimum 25. Hann kannaðist við að hafa verið undir áfengisáhrifum við aksturinn og ennfremur að hafa verið ökuréttindalaus er hann ók, en svo sem vikið verður að hér á eftir var ákærði sviptur ökuleyfi ævilangt á árinu 1984 og hefur ekki öðlast ökuleyfi á ný.

Samkvæmt niðurstöðu rannsóknar á blóðsýni sem tekið var úr ákærða um hálfri annarri klukkustund eftir að akstri hans lauk reyndist magn alkóhóls í blóði hans vera 1,28‰.

Með niðurstöðu alkóhólrannsóknarinnar og játningu ákærða, sem er í samræmi við önnur gögn málsins, er sannað að ákærði hefur gerst sekur um háttsemi þá sem hann er ákærður fyrir og varðar við 2. mgr., sbr. 3. mgr. 25. gr. og 1. mgr. 27. gr., sbr. 81. gr. umferðarlaga nr. 40, 1968.

Samkvæmt sakavottorði ákærða frá 6. nóvember sl. hefur hann sætt kærnum og refsingum sem hér segir:

1979 30/10 Sátt: 20.000 kr. sekt f. brot g. 38. gr. umfl.

1981 26/10 Sátt: 2.200 kr. sekt f. brot g. 25. gr. umfl. Sviptur ökuleyfi í 12 mán. frá 14.9. 1981.

1984 20/3 Dómur: 12.000 kr. sekt f. brot g. 1. mgr. og 2. sbr. 3. mgr. 25. gr. umfl. Sviptur ökuleyfi ævilangt frá 10.2. 1984.

1984 2/11 Sátt: 15.000 kr. sekt f. brot g. 27. gr. umfl.

1985 18/3 Sátt: 20.000 kr. sekt f. brot g. 27. gr. umfl.

1986 8/4 Dómur: 40 daga varðhald f. brot g. 25., 27., sbr. 81. gr., og 1. mgr. 50. gr. umfl. Sviptur ævilangt rétti til að öðlast ökuleyfi frá dómsbirtingu.

Allar framantaldar dómsáttir, að undanskilinni dómsáttinni frá 30. október 1979, og báðir dómarnir hafa samkvæmt 71. gr. alm. hegningarlaga ítrekunaráhrif á brot ákærða, sem hér er fjallað um, og verður refsing hans ákveðin með hliðsjón af því.

Framangreint brot ákærða varðar hann refsingu samkvæmt 80. gr. umferðarlaga, sbr. lög nr. 54, 1976. Þykir refsing hans hæfilega ákveðin 60 daga varðhald.

Svo sem krafist er í ákæru og samkvæmt 81. gr. umferðarlaga ber að svipta ákærða ævilangt rétti til að öðlast ökuleyfi frá birtingu dóms þessa að telja. Samkvæmt 5. mgr. 81. gr. umferðarlaga frestar áfrýjun ekki áhrifum dómsins að þessu leyti, sbr. 178. gr. laga nr. 74, 1974.

Dæma ber ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar.

## D ó m s o r ð:

Ákærði, Magnús Sigurjónsson, sæti varðhaldi 60 daga.

Ákærði er sviptur ævilangt rétti til að öðlast ökuleyfi frá birtingu dóms þessa að telja. Áfrýjun frestar ekki áhrifum þessa dómsákvæðis.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.

Fimmtudaginn 15. október 1987.

Nr. 207/1986. **Ingólfur Sigurgeirsson**

(Sigurður H. Guðjónsson)

gegn

**Bæjarleiðum h/f**

(Jón St. Gunnlaugsson hrl.)

Samningar. Félög. Endurgreiðsla. Sératkvæði.

### Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Hrafn Bragason og Þór Vilhjálmsson.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 3. júlí 1986. Hann gerir þær dómkröfur að stefndi verði dæmdur til að greiða honum 7.490,00 krónur með 42% ársvöxtum frá 1. júní 1985 til 1. mars 1986, en með 33% ársvöxtum frá þeim degi til 1. apríl 1986, en með 27% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, og að stefndi verði dæmdur til að greiða honum málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti að mati réttarins. Hann fer fram á að þá verði gætt ákvæða bráðabirgðalaga nr. 68/1987 um söluskatt.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og að áfrýjandi verði dæmdur til að greiða hæfilegan málskostnað fyrir Hæstarétti. Verði þá tekið tillit til ákvæða bráðabirgðalaga nr. 68/1987 um söluskatt.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð nokkur ný skjöl.

Áfrýjandi er sjálfstæður atvinnubifreiðarstjóri og hefur atvinnu-